

Ed.

274. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 19 13. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

1. 3. tölul. 1. gr. laga nr. 19 1955 orðist svo:

Dala- og Barðastrandarumdæmi: Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla, Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla.

2. 4. tölul. 1. gr. laga nr. 19 1955 orðist svo:

Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sú breyting verði gerð á undæmum dýralækna, að Vestur-Barðastrandarsýsla verði sameinuð Dalahéraði í stað þess að vera með Ísafjarðarhéraði, eins og nú er ákveðið í lögum. Jafnframt verði nafn undæmisins: Dala- og Barðastrandarumdæmi.

Er frumvarp þetta flutt samkvæmt ósk bænda, búnaðarféлага og kaupféлага, bæði í Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu. Það er álit þessara aðila, að mjög miklir erfiðleikar séu á því, að dýralæknir, búsettur við Ísafjarðardjúp, geti sinnt Barðastrandarsýslu á viðunandi hátt, vegna erfiðra samgangna. Hins vegar væri dýralæknir, búsettur í Austur-Barðastrandarsýslu og þá væntanlega í Króksfjarðar-nesi, vel settur fyrir bæði sýslufélögin, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu.